

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðraskólar þeir, er njóta styrks samkv. lögum þessum, eru á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Akri í Norður-Þingeyjarsýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, við Stofholtsveggjahver í Borgarfirði og Laugarvatni í Arnassýslu.

Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir, eign héraða eða sýslufélaga og fullnægja ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 44 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk þm. Norður-Þingeyinga, en hann er forfallaður sakir veikinda. Fylgir því af hans hálfu þessi greinargerð:

Alþingi hefur borizt erindi frá Sambandi kvenfélaga í Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem þess er farið á leit, að ákveðin verði með lögum stofnun húsmæðraskóla í sýslunni. Er málaleitun þessi jafnframt fram borin af hálfu sýslufélagsins og allra líveppa sýslunnar. Í samræmi við fyrrnefnt erindi er frumvarp þetta flutt og samkvæmt því lagt til, að skólastaður verði á Akri í landi Skinnastaðar í Öxarfirði, en sú jörð er prestssetur og opinber eign.

Undirbúningur þessa máls var hafinn í héraðinu með forgöngu áhugasamra kvenna fyrir nokkrum árum og er nú vel á veg kominn. Eins og að framan greinir, hefur tekizt samvinna með kvenfélögum, hreppsnefndum og sýslunefnd um að hrinda málinu í framkvæmd. Almenn fjársöfnun hefur farið fram um alla sýsluna, og hefur hún gengið svo vel, að telja má vist, að nægilegt framlag af héraðsins hálfu til stofnkostnaðar sé þegar fyrir hendi eða verði það a. m. k., áður en framkvæmd verður hafin. Er áhugi á stofnun skólans mikill í héraði og meðal Norður-Þingeyinga annars staðar á landinu. Geta má þess t. d., að Norður-Þingeyingur einn í Reykjavík hefur gefið fimm þúsund krónur til stofnunar skólans.

Hinn fyrirhugaði skólastaður á Akri er við þjóðveginn skammt austan við Jökulsárbrú og eigi langt þaðan, sem vegurinn austan úr Þistilfirði og Langanesi liggur niður af Öxarfjarðarheiði. Þarna er talin nægileg vatnsorka til að framleiða allt það rafmagn, sem skólinn þarf til ljósa, suðu og hitunar, ef henta þykir. Náttúruvegurð er mikil á þessum stað. Er umhverfið mjög skógi vaxið, einkum suður frá skólastaðnum, og þó útsýn fögur yfir héraðið til þriggja átta. Er staður þessi einn hinn ánægjulegasti á landi hér til sumardvalar, og má vera, að henta þætti að nota húsrúm skólans til einhversrar fyrirgreiðslu í því sambandi um hásumarið. Væri þar gott fyrir þá að dvelja, sem skoða vilja Ásbyrgi, Jökulsárgljúfur, Dettifoss og fleiri merkisstaði á þessum slóðum.

Um þörfina á fjölgun húsmæðraskóla í landinu þarf ekki að fjölyrða, því að hún er alkunn. Fjöldi ungra stúlkna verður nú árlega að synja um skólavist vegna þrængsla í þeim fáu og smáu skólum, sem búa verðandi húsfreyjur landsins undir lífsstarf sitt. Á því er líka mikil nauðsyn, að í hverju héraði landsins sé einhvers konar framhaldsskóli, því að slíkar stofnanir verða að jafnaði með ýmsum hætti menningarmiðstöðvar héraðanna. En benda má á það, að allar sýslur á Norður- og Austurlandi nema Norður-Þingeyjarsýsla eiga nú einhvers konar skóla til framhaldsmenntunar. Í Vestur-Húnavatnssýslu er héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði, í Austur-Húnavatnssýslu kvennaskólinn á Blönduósi, í Skagafjarðarsýslu Hólaskóli og væntanlegur héraðsskóli í Varmahlíð, í Eyjafjarðarsýslu húsmæðraskólinn á Laugalandi, í Suður-Þingeyjarsýslu héraðsskólinn á Laugum og húsmæðraskóli á sama stað. Múlasýslur eiga saman skólana á Eiðum og Hallormsstað, og í mörgum öðrum héruðum landsins en þeim, sem nú hafa verið nefnd, eru líka annaðhvort þegar stofnaðir skólar, einn eða fleiri, eða stofnun þeirra þegar ákveðin með lögum. Hafa og slíkir skólar stundum verið lögfestir á Alþingi, þótt undirbúningi, þ. á m. fjárframlögum, af hálfu héraðsmanna hafi ekki verið eins langt komið og nú er í Norður-Þingeyjarsýslu.

Á Akri mun ekki verða um stóran skóla að ræða, sennilega fyrir 15—20 námsmeyjar fyrst um sinn, og því minni fjárframlög af hálfu ríkisins en víða annars staðar, enda mun það ýmissa álit, sem reynslu hafa, að húsmæðraskólar í sveitum eigi að vera margir, en ekki stórir. Þess má geta, að á Akri ætti að mega fá nokkurt land til búskapar, ef ástæða þætti til, að skólinn ræki slíka starfsemi.